

Nefnasvið Alþingis  
b.t. atvinnuveganefndar Alþingis  
Austurstræti 8-10  
Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2021  
Tilv.: 2103001

**Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins við frumvarp um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 (tengdir aðilar) – þskj. 240, 234. mál.**

1. Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 2. mars sl., þar sem óskað var umsagnar Samkeppniseftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, þingskjal 240, 234. mál.
2. Hinn 8. mars sl. veitti Samkeppniseftirlitið umsögn á samráðsgátt stjórnvalda vegna draga að frumvarpi um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnunar (viðurlög, tengdir aðilar o.fl.). Þar er m.a. að finna ítarlega umfjöllun um tengda aðila m.t.t. yfirráðahugtaksins í samkeppnisrétti. Auk þess gerði Samkeppniseftirlitið tillögu að breytingu á framkomnum drögum að frumvarpi. Umsögnin fylgir erindi þessu.
3. Samkeppniseftirlitið telur að þau sjónarmið sem fram koma í umsögn þess frá 8. mars sl. eigi að öllu óbreyttu við um það frumvarp sem hér er til umfjöllunar, þingskjal 240, 234. mál, og leyfir sér að vísa til hennar.
4. Samkeppniseftirlitið þakkar fyrir tækifærið til að koma að sjónarmiðum vegna málsins og biðst um leið velvirðingar á síðbúnum svörum. Samkeppniseftirlitið er reiðubúið til að fylgja umsögninni eftir eða veita frekari upplýsingar sé þess óskað. Loks áskilur eftirlitið sér rétt til þess að koma að umsögn vegna málsins á síðari stigum.

Virðingarfyllst,  
Samkeppniseftirlitið



Ólafur Freyr Frimannsson

Fylgiskjal:

Umsögn Samkeppniseftirlitsins, dags. 8. mars 2021.